

Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar

8. janúar 2015.

Stýrihópur læsisverkefnis vill kynna stöðu mála á læsisverkefni sem er í gangi innan fræðsluþjónustunnar og fara yfir mælingar haustsins 2014. Samhliða þeim kynningum á fundi fræðsluráðs, á niðurstöðum **HLJÓM-2** hjá 5 ára börnum og haustskimun **Leið til læsis** hjá 6 ára börnum, vill stýrihópurinn kynna almennt stöðu mála. Læsisverkefnið er þannig í fullum gangi og verður það kynnt hér frekar áfram.

Stýrihópurinn hefur starfað í allt haust og haldið 17 fundi frá því í vor og þrjá fundi sérstaklega með tengiliðahópi leik- og grunnskólanna. Jafnframt hefur stýrihópurinn lagt fram tillögu að eflingu lestrarkennslu í leik- og grunnskólum bæjarins með samhæfðu skimunar- og íhlutunarferli sem þegar hefur verið kynnt í fræðsluráði (DRÖGIN: **Að efla læsi í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar**). Tillagan er í ábendingar-/athugasemdarferli hjá skólunum en það tekur mið af því að starfshópurinn telur mjög mikilvægt að samstaða náist um tillöguna frekar en að hún sé einhliða lögð fram af stýrihópnum eða bæjaryfirvöldum. Þegar ábendingarferli lýkur í lok janúar mun stýrihópurinn senda frá sér lokatillögu til fræðsluráðs til staðfestingar. Gert er ráð fyrir að tillagan verði samþykkt fyrir 25. febrúar 2015 (sjá skýringu hér neðar). Tillagan hefur hlotið góðan hljómgrunn hjá stjórnendum skólanna og tengiliðahópi skólanna sem eru um 40 manns sem gegna lykilhlutverkum í hverjum leik-/grunnskóla. Við framkvæmdina er þörf á að byggja á nýtilkomnum (stöðluðum) verkfærum sem íslenskum leik-/grunnskólum bjóðast nú fyrir skimun (t.d. LOGOS, Leið til læsis, Orðaskil o.s.frv.). Það er á þeim grunni sem hægt er að fara í svona ítarlega fagvinnu sem tillagan gerir ráð fyrir (og mörg hafa verið nýtt áður en viðmiðin fyrir notkun þeirra til íhlutunar er nýjung).

Í gangi er undirbúningur fyrir ráðstefnu um lestur og lestrarkennslu fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar á skipulagsdegi 25. febrúar 2015 sem haldin verður á Hilton hótél Nordica í Reykjavík (eftir hádegi). Drög að dagskrá liggur fyrir og er óðum að skýrast með alla fyrirlesara á málstofur.

Aðalfyrirlesarar verða dr. Hermundur Sigurmundsson, prófessor í Noregi, og dr. Freyja Birgisdóttir dósent á Menntavísindasviði HÍ. Í kjölfar aðalfyrirlestra verða haldnar fjórar málstofur þar sem fjögur erindi verða á hverri málstofu, eða alls 16 málstofuerindi, þar sem skólafólk hvaðanæva af landinu mun fræða og kynna lestrarverkefni og lestrarkennslu. Málstofunar fjórar eru með eftirfarandi þemu:

1. Málstofa A: **Lengi býr að fyrstu gerð** – málörvun í leikskólastarfi
2. Málstofa B: **Lestur er samvinnuverkefni** – lestrarnám á mörkum leik- og grunnskóla
3. Málstofa C: **Lestur er lífsins alvara** – lestrarnám í grunnskóla
4. Málstofa D: **Allir kennarar eru móðurmálskenningar** – lestrarnám í öllum námsgreinum

Í samhengi við ráðstefnun viljum við leggja fram megináhersluplagg lestrarverkefnisins sem samþykktu plaggi, **Að efla læsi í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar**.

Stýrihópur læsis er með mörg verkefni í farvatninu og þá sérstaklega frekari kynningu á verkefninu, bæði úti í skólunum og þá ekki síður við almenning í bænum. Þá hefur stýrihópurinn víða leitað fanga við vinnu sína og sótt í smiðjur annarra, bæði einstaklinga og sveitarfélaga. Stýrihópurinn leggur áherslu á að vinnan sem farin er í gang í Hafnarfirði er aðlöguð að hafnfirskum aðstæðum og því fagskipulagi sem þar er í gangi þar sem mikil áhersla er lögð á að ná samstöðu innan fræðsluþjónustunnar um sameiginleg verkefni. Stýrihópurinn ætlar sér að nýta það besta sem önnur sveitarfélög hafa gert en taka jafnframt eigin ábyrgð á verkefninu í að útfæra það og aðlagga að hafnfirsku skipulagi og starfsvenjum – með viðeigandi ráðgjöf eins og stýrihópurinn telur þörf á á hverjum tíma.

Stýrihópurinn leggur jafnframt áherslu á að læsisverkefnið er langtímaverkefni við að efla lestrarhæfni nemenda í bænum þar sem unnið er á grunni langrar kennslureynslu en stöðugt nýrra nemenda í samfélagi sem er á stöðugri hreyfingu. Verkefnið er nú að samhæfa betur lestrarkennsluna og að skilgreina betur nú en áður viðmið til íhlutunar og tryggja þannig betri eftirfylgni í lestrarkennslu nemenda sem þurfa frekari stuðning í námi. Einnig að allir nemendur fái verkefni við hæfi, líka sterkir nemendur. Samhliða þessu þarf að yfirfara skipulag lestrarkennslu, vinnulag og verkferla og viðhorf til lesturs í skólum. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar mun með stuðningi hafa meiri eftirfylgni með skimunum og íhlutun skólanna og vera til ráðgjafar og stuðnings. Þetta er því langhlaup, svo vísað sé í samlíkingu við heim íþróttu, en þess vænst að árangur gerist hratt og örugglega með markvissari þjálfun allra sem að lestrarnámi nemenda koma, skólasamfélaginu í Hafnarfirði (foreldrar meðtaldir) og bæjarfélaginu í heild sinni. Þetta krefst þess að allir aðilar taki viðeigandi ábyrgð til að hafnfirskir nemendur nái enn betri árangri í námi sínu.

Með bestu kveðju,

Stýrihópur læsis og verkefnisstjórar,

Ásta María Björnsdóttir, leikskólastjóri

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (verkefnisstjóri)

Bjartey Sigurðardóttir, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (verkefnisstjóri)

Eiríkur Þorvarðarson, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Jenný D. Gunnarsdóttir, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Valdimar Víðisson, grunnskólastjóri

Vigfús Hallgrímsson, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar